

merking hinna ærumeiðandi orða áhrærir og málskostnað.

Að því þarnaest áhrærir gagnsókn þá, er áfrýjandinn hefur höfðað gegn stefnda útaf brjefi, er hann ritaði honum 2. ág. f. á., í hverju þau orð, að hinn stefndi hafi heimtað af honum meiri tekjur, en lög veiti rjett til, eru talin „lýgi“, og í gagnsóknarmálinu heimtað, að stefndi verði sektaður fyrir slíkt ámæli, þá er hinn stefndi af undirdómaranum rjettilega sýknaður fyrir ábyrgð útaf þessu, með því að af hálfu áfrýjanda eigi hefur verið sannaður sá áburður hans, að stefndi hafi heimtað gjöld um lög fram.

Samkvæmt úrslitum þessa máls ber áfrýjandanum að greiða stefnda sem málskostnað fyrir yfirdómnum 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrjettarins í máli þessu skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, kaupmaður Jörgen Hansen, til hins stefnda, prófasts Þórarins Böðvarssonar, með 20—tuttugu—krónum.

Nr. 33/1885.

Einar prentari Þórðarson
gegn

Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Sumarið 1884 kom út hjer í bænum níðritlingur um Stefán Bjarnarson, sýslumann í Árnæssýslu, með

fyriřsögn: „Dáttur um lögmanninn í Gerđiskoti og athæfi hans ýmislegt“; var ritlingur þessi prentaður hjá áfrýjanda máls þessa, Einari Þórđarsyni, en Sigurđur nokkur Sigurđsson frá Skúmstöđum nálægt Eyrarbakka var nafngreindur undir ritlingnum sem höfundur hans. Međ því að hinn nafngreindi höfundur þegar nokkrum klukkustundum eptir að ritlingur þessi kom út, fór af landi burt með útfararskipi til Vesturheims, höfđaði Stefán sýslmaður Bjarnarson mál gegn Einari prentara Þórđarsyni útaf ærumeiđingum þeim um sig, sem ritlingurinn hefði að geyma, og með dómi, kveđnum upp í því máli á bæjarþingi Reykjavíkur 20. nóvbr. f. á., voru öll orđ umgetins ritlings og hvert þeirra um sig dæmd dauđ og ómerk, og Einar Þórđarson dæmdur til að sæta 4 mánaða einföldu fangelsi, sem og til að greiða 20 kr. í sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur og 15 kr. í málskostnađ til sækjandans. Þessum dómi hefur Einar Þórđarson áfrýjađ til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 31. ágúst þ. á., og krafizt fyrst og fremst, að hann verđi alveg sýknaður af kærum og kröfum mótpartsins, en hjerađsdómurinn dæmdur ómerkur, svo og, að sjer verđi dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báđum rjettum, en til vara, að hegningin verđi færđ niður í fjesekt, og hana hina vægustu. Hinn stefndi, Stefán sýslumaður Bjarnarson, hefur aptur á móti ekki mætt nje mæta látiđ eptir stefnunni, og ber því að dæma máliđ eptir hinum framlögđu skjölum og skilríkjum.

Hinn stefndi byggir sýknarkröfu sína á því, að máliđ sje ekki rjettilega höfđað á móti sjer, því höfundur ritlingsins sje nafngreindur á honum, og hann

hafi verið búsettur hjer á landi þegar ritlingurinn kom út. Sækjandi málsins í hjeraði hefur aptur á móti borið fram, að hinn nafngreindi höfundur opt nefnds ritlings hafi verið vinnumaður og vistráðið hjú ár það, sem ritlingurinn kom út, en að hann hafi yfirgefið verustað sinn og verið búinn að kaupa sjer og fá löggilt farbrjef til Vesturheims daginn áður en ritlingurinn kom út, og að hann hafi notað farbrjefið og farið af landi burt fáum stundum eptir að ritlingurinn kom út. Engu af þessum atvikum hefur áfrýjandi mótmælt og virðist því fullsannað með þeim, að áminnstur Sigurður Sigurðsson hafi verið búinn að segja skilið við heimili sitt hjer á landi og þessvegna ekki verið búsettur hjer, þegar hinn átaldi ritlingur kom út, eins og hann heldur ekki var undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið var höfðað, og með því Sigurður þessi, eptir því sem upplýst er, einnig var útgefandi og kostnaðarmaður og útsölumaður eða útbýtandi ritlingsins, þá verður yfirdómurinn að aðhyllast þá skoðun undirdómarans, að prentari ritlingsins, þ. e. hinn stefndi, eigi, eptir tilskipun 9. maí 1855 3. gr., að bera ábyrgð á ritlingnum.

Áfrýjandinn hefur ekki sannað, nje einusinni reynt til að sanna, að hinar ærumeiðandi sakargiptir, sem hinn átaldi ritlingur hefur inni að halda frá upphafi til enda á hendur hinum stefnda, sjeu á rökum byggðar, og þareð þessar sakargiptir eru svo gifurlegar, þar sem hinum stefnda er borinn á brún þjófnaður, þjófshilming, að hann taki mútur og misbeiti embættisvaldi sínu á ýmsan hátt sjer til ávinnings o. fl., þá hefur hjeraðsdómarinn rjettilega dæmt

öll orð hins átalda ritlings og hvert einstakt þeirra dauð og ómerk, eins og líka hegning sú, sem áfrýjandinn hefur bakað sjer með útbreiðslu þessara sakargipta, virðist hæfilega metin eptir 217. og 218. gr. hegningarlaganna 4 mánaða einfalt fangelsi. Hinsvegar virðist ekki fullnæg ástæða til að sekta áfrýjandann fyrir óhæfilegan drátt á málinu, en aptur á móti fellst yfirdómurinn á ákvæði hjeraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar, og ber því að staðfesta hjeraðsdóminn með þeirri breyting, að hin ídæmda sekt falli niður. Með því að hinn stefndi ekki hefur mætt nje látið mæta fyrir yfirdómi, fellur málskostnaður fyrir þeim dómi niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa, þó þannig, að hin ídæmda sekt falli burt. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 24/1885.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn

Inggjaldi Sigurðssyni á Lambastöðum.

Dómur:

Með merkjadómi, sem upp er kveðinn í aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 6. júlí 1885, er það ákveðið, að landamerki milli Reykjavíkur og Lambastaða skuli vera frá hæstu þúfunni nyrst á Lambastadaholti suður í sjó eptir Lambastadaholti austanvert við svokallað Kaplaskjólshús.